

# VATNSVARI V

## Þykkni

- Gerð:** VATNSVARI V er vatnsþynnanleg vatnsfæla, byggð á sílani, sem smýgur afar vel inn í öll gljúp, steinrík byggingarefni. VATNSVARI V er seldur sem þykkni og er að jafnaði þynntur rétt fyrir notkun. VATNSVARI V er einfaldur í notkun og minnkar losun á lífrænum leysum samanborið við hefðbundnar vatnsfælar.
- Notkunarvið:** Á steinsteypu, múr o.fl. til að hindra vatnsupptöku.
- Eiginleikar:** VATNSVARA V má nota einan og sé eða undir málningarkefi. Hann myndar ósýnilega vörn sem dregur verulega úr vatnsupptöku steinríkra byggingarefna án þess að hefta rakaflutning í loftkenndu ástandi. Hann myndar ekki klístraða sílikon filmu og það er auðvelt að þrifa af gleri og gluggum.

**TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR**

<b>Stofnar:</b>	Á ekki við
<b>Litir:</b>	Ljós þeyta. Þornar glær.
<b>Gljástig:</b>	Á ekki við
<b>Efnisnotkun:</b>	4-8 m <sup>2</sup> /l (1:9 í vatni)
<b>Pakkningar:</b>	0,5 l og 1,0 l flöskur (þykkni)
<b>Þynnir:</b>	Notist almennt þynnt 1:9 í vatni
<b>Áhöld:</b>	Sprautað úr þrýstikúti. Hægt að pensla á smærri fleti.
<b>Þurrktími:</b>	Snertþurrt eftir um 1 klst. Yfirmálun oftast næsta dag.
<b>Eðlismassi:</b>	0,94 g/ml
<b>Þurrefni:</b>	50%
<b>Geymsla:</b>	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
<b>VOC:</b>	Ákvæði reglugerðar 1025/2005 um rokgjörn, lífræn efnasambönd gilda ekki um þessa vöru. Varan flokkast ekki sem VOC.

---

**VERKLÝSING**

---

- Undirbúningur:** Flöturinn sem mála á, skal vera þurr og laus við ryð, ryk, olú, feiti og önnur óhreinindi. Óhreinindi skal hreinsa með viðeigandi hreinsiefnum og þvo með vatni. Forðast ætti að leifa VATNSVARA V að berast á ógleypna fleti eða gróður.
- Notkunar aðstæður:** Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun.
- Vinnutilhögun:** Þynnið þykknið 1:9 með köldu vatni. Blönduna ætti að nota innan 2 klst, hægt er að nota blönduna allt að viku eftir blöndun en virknin verður minni. Best er að sprauta á flötinn úr þrýstibrúsa. Gjarnan er byrjað neðst og sprautað þvert yfir lóðrétta fleti með 30 til 40 cm millibili þannig að vökvinn leki niður og myndi sýnilegt blautt tjald. Einnig má nota rúllu eða pensil. Endurtakið þar til flöturinn er mettaður af blöndunni.
- Hreinsun:** Ef VATNSVARI V fer á fleti sem honum er ekki ætlað að fara á eins og glugga og gler er hægt að þrifa hann í burtu með þurrum klút. Í undantekningar tilfellum er hægt að nota RAUÐSPRITT ef það þarf að fjarlægja öll ummerki um Vatnsvarann.
- Hreinsun áhald:** Með volgu vatni strax að lokinni notkun
- Yfirmálun:** Almennt er hægt að mála flötinn strax næsta dag, en við kaldar og rakar aðstæður getur þurft að bíða lengur. Mælt er með að mála VATNSVARA V meðhöndlaðan flöt með STEINGRUNNI til að tryggja hámarks viðloðun, áður en málað er með STEINTEXI eða STEINSKJÓLI.